

15. JÚNÍ
2023
HARPA
ELDBORG

16. JÚNÍ
2023
HOF
AKUREYRI

Barbara
Hannigan
og
Sinfóníu-
hljómsveit
Íslands



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt
á farsímum meðan á
tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um
að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

I am not a tale to be told 7'

Sinfónía nr. 96 20'

Sinfónía númer 4 í G-dúr 55'

**Barbara Hannigan áritar hljómplötur eftir tónleikana
á 2. hæð fyrir framan Eldborg.**

Tónleikarnir í Eldborg eru teknir upp og sendir beint út á Rás 1.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube
og Spotify-rásum Hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna
lagalista með allri tónlist starfsársins.

Barbara Hannigan og Sinfóníuhljómsveit Íslands

TÓNLEIKAR Í ELDBORG OG HOFI

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Barbara Hannigan

einsöngvari og
hljómsveitarstjóri

Golfam Khayam

I am not a tale to be told (2023)

Joseph Haydn

Sinfónía nr. 96 í D-dúr (1791)

- I. Adagio - Allegro
- II. Andante
- III. Menuetto. Allegretto
- IV. Vivace assai

HLÉ

Gustav Mahler

Sinfónía nr. 4 í G-dúr (1899 - 1900)

- I. Bedächtig, nicht eilen
- II. In gemächlicher Bewegung, ohne Hast
- III. Ruhevoll, poco adagio
- IV. Sehr behaglich

Söngtexti er að finna á bls. 10-12.

For information in English about tonight's programme,
please visit the Iceland Symphony Orchestra website:
en.sinfonia.is.



Barbara Hannigan

HLJÓMSVEITARSTJÓRI OG EINSÖNGVARI

Kanadíska söngkonan og hljómveitarstjórinn Barbara Hannigan er ein eftirsóttasta óperusöngkona samtímans og hefur á undanförunum áratug haslað sér völl á stjórnendapallinum svo eftir hefur verið tekið. Hún hefur stjórnað mörgum af þekktustu hljómveitum heims þar sem hún gegnir gjarnan hlutverki bæði einsöngvara og hljómveitarstjóra – líkt og á tónleikum kvöldsins. Frá upphafi tónlistarferilsins hefur verkaskrá hennar einkennst af nýsköpun, ferskleika og ótroðnum slóðum, hún hefur starfað náið með stórum hópi tónskálda, frumflutt ógrynni nýrra tónverka auk þess að leggja rækt við sjaldhærrari tónlist frá 20. öld. Barbara Hannigan hefur sungið í helstu óperuhúsum heims, starfað með heimsþekktum og framsæknum sviðshöfundum svo sem Söshu Walz og Katie Mitchell og vakið athygli sem einkar næmur túlkandi ljóðasöngva. Hún hefur sent frá sér margrómaðar plötur þar sem efnisvalið er breitt og forvitnilegt; má í því samhengi nefna einkar gjöfult samstarf hennar og hollenska píanóleikarans Reinbert de Leeuw (1938 - 2020).

Samhliða annasömum einsöngs- og stjórnendaferli hefur Barbara Hannigan einnig hlúð að uppgangi og vexti ungs framúrskarandi listafólks. Hún er nýráðinn prófessor við Konunglegu tónlistarakademiuna í London og stofnandi verkefna á borð við Equilibrium. Þar er markvisst unnið að því að veita ungu tónlistarfólki tækifæri á tónleikapallinum á einn eða annan hátt með þátttöku sístækkandi hóps kunnra hljómveitarstjóra, einleikara, einsöngvara og tónskálda.

Þetta er í annað sinn sem Barbara Hannigan kemur fram á tónleikum á Íslandi en hún sló rækilega í gegn fyrir réttu ári á tónleikum Sinfóníuhljómveitar Íslands í Eldborg sem voru hluti af Listahátíð í Reykjavík.



Golfam Khayam

I AM NOT A TALE TO BE TOLD

Íranska tónlistarkonan Golfam Khayam (f. 1983) hefur vakið eftirtekt fyrir heillandi tónlist og hljóðheim þar sem hún sækir á ferskan og nýstárlegan hátt í rætur persneskra tónlistarhefða og þræðir inn í persónulegt tónmál sitt. Hún er menntuð í klassískum gítarleik, nam heima í Teheran í Íran, lauk síðar framhaldsnámi frá Cincinnati-háskóla og Tónlistarkonservatoríunni í Genf í Sviss og hefur komið fram víða um heim sem gítareinleikari, sem flytjandi spuna-tónlistar og eigin tónlistar. Khayam hefur samið tónlist fyrir ólíkar hljóðfærasamsetningar og skipar, ásamt íranska klarinettleikaranum Monu Matbou Riahi, dúettinn Naqsh sem hefur m.a. gefið út undurfallega plötu hjá ECM útgáfu-fyrirtækinu.

I am not a tale to be told (Ég er ekki saga til að segja frá) er glænýtt verk fyrir sópran og litla hljómsveit - flautu, óbó, klarinett og strengjasveit en verkið er samið fyrir og tileinkað Barböru Hannigan. Texti verksins er sóttur í dulúðugt ljóð frá árinu 1955 eftir skáldið og rithöfundinn Ahmad Shamlou (1930 – 2000), eitt virtasta og áhrifaríkasta skáld Írana á 20. öld sem Khayam þekkti raunar persónulega; hann var tíður gestur á æskuheimilinu og náinn vinur foreldra hennar.

Harmagrátur, *lament*, er yfirskrift verksins í raddskrá þar sem jafnframt er tekið fram að yfirbragðið sé frjálstlegt og spunakennt en verkið er í einum þætti. Tónheimur þess er innblásinn af persneskum hljóðfæra- og sönghefðum, hendingamótun og tónaröðum. Hér skiptast á spunakenndir þættir hjá hljóðfærum í bland við mótaðar hendingar, djúpir strengir mynda djúpt drón – persneskt teppi – undir tjáningarfullum og blæbrigðaríkum einsöngnum. Ljóðið, upphaflega á persnesku, er í franskrri þýðingu en lokahendingin á farsí þar sem sungið er um mannlega og sameiginlega þjáningu - í nístandi ákalli.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Til stóð að verkið yrði frumflutt af Filharmóníu-sveit franska útvarpsins og Barböru Hannigan í París á tónleikum í apríl síðastliðnum. Á tónleika-degi varð þó ljóst að af frumflutningnum yrði ekki, verkfallsaðgerðir nokkurra hljómsveitar meðlima vegna umdeilds eftirlauna-frumvarps ríkisstjórnar Macron settu þar strik í reikninginn og tónleikarnir féllu niður. Nýtt verk Khayam hljómar því í heimsfrumflutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands hér í kvöld.



Joseph Haydn

SINFÓNÍA NR. 96 Í D-DÚR (KRAFTAVERKIÐ)

Árið 1790 stóð tónskáldið Joseph Haydn (1732 – 1809) á miklum tímamótum í lífi sínu. Í septemberlok lést yfirmaður hans til áratuga, hinn tónelski Nikulás prins af Esterházy, og við tók sonur hans Anton sem lét það verða sitt fyrsta verk að leggja af blómlegt tónlistarlíf hirðarinnar. Haydn, sem hafði þá starfað óslitið við hirð Esterházy í tæpa þrjá áratugi, var að nafninu til áfram tónlistarstjóri og fékk laun samkvæmt því en var skyndilega frjáls undan umfangsmiklum skyldum sem starfið hafði lagt honum á herðar.

Þótt veran hjá Esterházy-ættinni hafi svo sannarlega verið gjöfufull fyrir listamanninn Haydn kallaði hún jafnframt á talsverða einangrun. Tónskáldið átti ekki greiðan aðgang að nýjustu straumum og stefnum í tónlistarlífi evrópskra heimsborga og neyddist þar af leiðandi til að vera frumlegur – eins og hann orðaði það sjálfur. Með breyttum högum gafst honum færi á að ferðast og upplifa í ríkari mæli og í lok árs 1790 hélt 58 ára gamall Haydn í fyrsta sinn út fyrir álfuna og í siglingu til stórborgarinnar Lundúna en þetta mun hafa verið í fyrsta sinn sem Haydn sá sjóinn! Haydn var í fylgd þýska tónleikahaldarans og fiðluleikarans Johann Peter Salomon sem efndi til tónleikaraðar í Hannover Square árið 1791 en þar voru frumfluttar sex nýjar símfóníur Haydns, þeirra á meðal sú sem hér hljómar, númer 96 í björtum D-dúr.

Tónlistarlíf í Evrópu var að taka róttækum breytingum á þessum tíma. Tónleikar sem áður höfðu fyrst og fremst verið ætlaðir aðlinum voru í boði fyrir sístækkandi, upplýsta borgarastétt. Haydn var eitt dádasta tónskáld álfunnar um þetta leyti, tónlist hans hafði borist víða á prenti og Lundúnabúar flyktust í tónleikahús til að hlýða á tónlist þessarar eftirsóttu rokkstjörnu.

Viðurnefnið *Kraftaverkið* gæti gefið smá vísbendingu um hve skært frægðarsól Haydns skein á þeim tíma en þegar tónskáldið og stjórnandinn gekk inn á svið til að stjórna nýrri símfóníu sinni hópuðust tónleikagestir að sviðsbrún

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfónía Haydns nr. 96 hljómaði fyrst á tónleikum Sinfóníuhljóm- sveitar Íslands í Háskóla- bíói síðla árs 1995 og þá undir stjórn hinnar kanadísku Keri-Lynn Wilson. Hún hefur síðan verið leikin í tvígang af hljómsveitinni, undir stjórn Matthew Halls árið 2017 og árið 2021 undir stjórn Bjarna Frímanns Bjarnasonar.

til að berja goðið augum. Sætaraðirnar voru því auðar - blessunarlega - þegar ljósakróna yfir áheyrendasal gaf sig og hrundi. Sónn saga en ku raunar eiga við um frumflutning annarrar Lundúnasinfóníu eftir Haydn líkt og seinni tíma athuganir hafa leitt í ljós. Viðurnefnið hefur engu síður fengið að loða við þessa björtu hljómkviðu.

Sinfónían hefst með hljóðum, hægum og dulúðugum inngangi áður en kraftmikið allegro í D-dúr tekur völdin. Annar þátturinn er tígulegt andante með nokkuð óvæntri kadensu fyrir tvær fiðlur og tréblásara undir lokin. Þriðji þátturinn glæsilegur menúett og lokapátturinn sprellfjörugt rondó vivace. Víða má svo heyra líflegar einleiksstrófur fyrir mismunandi tréblásara og ólgu í anda *Sturm und Drag*.

Haydn átti eftir að bæta við nokkrum tónsmíðum í sinn digra sinfóníusjóð áður en yfir lauk. Númeraðar sinfóníur hans urðu alls 104 talsins, margar hverjar meistaralegar smíðir, fullar af leikgleði, eltingaleikjum, litadýrð, glaðværi og óvæntum sveigjum og beygjum. Þær áttu eftir að hafa mikil áhrif á þau tónskáld sem á eftir komu, meðal annars Gustav Mahler sem sótti í ríkum mæli til klassískrar arfleifðar Haydns þegar hann tók að semja sínar sinfóníur, réttir öld síðar.



Gustav Mahler

SINFÓNÍA NR. 4 Í G-DÚR, HIMNASÆLUSINFÓNÍAN

Líkt og átti við um flestar tónsmíðar Mahlers (1860 – 1911) var fjórða sinfónía hans að mestu samin að sumarlagi. Á veturna gafst lítið sem ekkert tóm fyrir tónsmíðar í lífi hins önnum hlaðna hljómsveitarstjóra, á sumrin leitaði hann í austurríska sveitakyrrð þar sem hann fékk andrými til sköpunar. Sumrunum 1899 og 1900 varði Mahler til smíða sinnar nýjstu sinfóníu á milli þess sem hann sökkta sér í höfundarverk Franz Schuberts, himnesk kammerverk hans og sönglög.

Það ríkir svo sannarlega einhver himnesk birta yfir fjórðu sinfóníu Mahlers. Þetta er stysta sinfónía tónskáldsins, sú eina af níu fullgerðum sinfóníum hans sem tekur innan við klukkustund í flutningi og hljóðfæraskipan jafnframt hófstílltari en í þeim flestum. Hvorki túbu né básúnum er hér teflt fram, trompet einungis þrjú og horn fjögur – í samanburði við til dæmis tíu trompet og tíu horn í annarri sinfóníu Mahlers. Einsöngvarar og kórar koma við sögu í bæði annarri og þriðju sinfóníunni en hér er það einn bjartur sópran sem kveður sér hljóðs í lokapættinum.

Fjórða sinfónían er í fjórum þáttum þar sem sá síðasti er jafnframt sá elsti, upphaflega saminn sem sönglag árið 1892 undir heitinu *Das Himmlische Leben* (*Híð himneska líf*). Þar segir frá tilverunni í himnaríki þar sem dansinn dunar, söngurinn ómar, dýrindis krásir og veigar eru óþrjótandi og allt vaknar til gleðinnar. Sjónarhornið bernskt og sakleysislegt, textinn fenginn úr *Des Knaben Wunderhorn* (*Töfrahorni drengsins*), safni þýskra þjóðkvæða sem kom út á árunum 1805 til 1808 og hefur verið uppspretta sköpunar ótal tónskálda og listafólks þótt fá hafi sótt jafn óspart í þennan brunn og Mahler. Fjölmörg sönglög og lagaflokkar og þrjár sinfóníur hans, númer tvö, þrjú og fjögur, eru innblásin af eða byggja beinlínis á kvæðunum. Fjórða sinfónían er nokkurs konar lokahnykkur á þeirri vegferð, yngsta verk Mahlers sem sækir í *Töfrahornið* enda má heyra nokkrar tilvísanir í eldri verk hans úr sama flokki í þessari margslungnu og áhrifaríku tónsmíð sem fjórða sinfónían er.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Fjórða sinfónían hljómaði fyrst í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónleikum í Háskólabíói árið 1973 og þá undir stjórn Karsten Andersen. Hún hefur síðan verið flutt með jöfnu millibíli af hljómsveitinni og í þrígang hér í Hörpu undir stjórn Markus Poschner árið 2011, Eivind Aadland árið 2016 og Bjarna Frímans Bjarnasonar árið 2021.

Sinfónían hefst með klingjandi sleðabjöllum og hvellum flautum. Við stígum inn í ævintýraveröld, bjarta og tæra en marglaga og fulla af andstæðum, ófyrirsjáanleika og óvæntum sviptingum. Meginstef fyrsta þáttarins eru tvö; hið fyrra, þokkafullt og svífandi, kynnt til sögunnar af fiðlum; hið síðara, syngjandi og tregafullt, fyrst leikið af sellóum. Um miðbik þáttarins tekur við dulúð og stigvaxandi ólga sem nær hámarki með blæstri dómsdagslúðra (sem kallast á við upphaf fimmtu sinfóníunnar). Undir lok þáttarins er allt við það að detta í dúnalogn áður en orkan er keyrð upp á örskotsstundu í glæsilegu niðurlagi.

Meginstef annars þáttar eru einnig tvö. Hið fyrra leikið í upphafi af konsertmeistararum á fiðlu sem hefur verið stillt upp um heiltón og ljær því þar af leiðandi stríðan og ákafan, jafnvel eilítið djöfullegan blæ. Til mótvægis er teft fram undursamlegum þrískiptum dansi þar sem gaukar gala, fegurðin og áhyggjuleysið ríkir ofar öllu áður en ólgan nær aftur yfirhöndinni og við erum dregin inn í heim átaka og óvissu.

Andrúmsloft þriðja þáttar er í upphafi kyrrstætt og nær heilagt. Selló leika ægifagurt stef, tímalaust, djúpt og upphafið. Smátt og smátt lýkst veröldin upp, fyllri og bjartari. Klarinett kynnir nýtt stef til sögunnar, leitandi, angurvært og blítt. Um miðbikið tekur við meiri hreyfing og ólga á milli ólíkra hljóðfærahópa og þættinum lýkur á hátíðlegum þakuslætti, málmblæstri og loks hljóðlátu niðurlagi.

Í fjórða þætti stígum við inn í hið bernska himnaríki sem sópraninn syngur um. Hér könnumst við við stefjafni úr fyrri þáttum, sleðabjöllurnar úr upphafstöktum rjúfa kyrrðina með ofsafengnum hætti áður en sæla himnaríkisvistarinnar tekur við á ný. Þættinum lýkur svo með undursamlegu niðurlagi þar sem hljóðheimurinn leysist upp líkt og skýjaslæða.

Fjórða sinfónía Mahlers var frumflutt síðla árs 1901 í München og viðtökur í dræmara lagi; áheyrndur áttu erfitt með að átta sig á hvert höfundur hinnar risavöxnu annarrar sinfóníu væri að fara í þessari bernsku (eða barnalegu) ævintýraveröld og gagnrýnendur skrifuðu um glundroða og sundurleitt andrúmsloft. Sinfónían hefur síðar orðið ein af vinsælustu tónsmíðum Mahlers, björt, bernsk, ævintýralegt og marglaga þar sem finna má allar víðáttur veraldarinnar; sorg og gleði, líf og dauða, glundroða og gervallt tilfinningalandslagið.

Elísabet Indra Ragnarsdóttir

JE NE SUIS PAS UNE FABLE À CONTER

Je ne suis pas une fable à conter
Pas une chanson à chanter
Pas une voix à écouter
Ni quelque chose qu'on peut voir
Ou quelque chose à savoir
Ghéséh nistam ké bégooyee

L'arbre parle à la forêt
L'étoile parle aux cieux
Et moi, c'est à toi que je parle
Dans le plus sombre des cimetières
Pour les morts de cette année
Et moi, c'est à toi que je parle

Je ne suis pas une fable à conter
Pas une chanson à chanter
L'étoile parle aux cieux
C'est à toi que je parle
Man dardé moshtarekam,
Maraa faryaad kon

Ahmed Shamlou.

*Olivier Cadinot og Marjane Satrapi
þýddu úr persnesku.*

ÉG ER EKKI SAGA TIL AÐ SEGJA

Ég er ekki saga til að segja
ekki söngur til að syngja,
ekki rödd til að hlusta á
ekki neitt sem er hægt að sjá
eða eitthvað til að vita
Ég er ekki saga til að segja

Tréð talar til skógarins
stjarnan talar til himnanna
og ég, það ert þú sem ég tala til
í myrkustum allra grafreita
fyrir hönd þeirra sem dóu þetta ár
og ég, það ert þú sem ég tala til

Ég er ekki saga til að segja
ekki söngur til að syngja
stjarnan talar til himnanna
það ert þú sem ég tala til
Ég er hinn sameiginlegi sársauki,
æptu hann fyrir mig

SINFÓNÍA NR. 4 Í G-DÚR, IV. ÞÁTTUR

DAS HIMMLISCHE LEBEN

Wir genießen die himmlischen Freuden,
Drum tun wir das Irdische meiden,
Kein weltlich Getümmel
Hört man nicht im Himmel!
Lebt alles in sanftester Ruh'!
Wir führen ein englisches Leben!
Sind dennoch ganz lustig daneben!
Wir tanzen und springen,
Wir hüpfen und singen!
Sankt Peter im Himmel sieht zu!

Johannes das Lämmlein auslasset,
Der Metzger Herodes drauf passet!
Wir führen ein geduldig's,
Unschuldig's, geduldig's,
Ein liebliches Lämmlein zu Tod!
Sankt Lucas den Ochsen tät schlachten
Ohn' einig's Bedenken und Achten,
Der Wein kost' kein Heller
Im himmlischen Keller,
Die Englein, die backen das Brot.

Gut' Kräuter von allerhand Arten,
Die wachsen im himmlischen Garten!
Gut' Spargel, Fisolen
Und was wir nur wollen!
Ganze Schüsseln voll sind uns bereit!
Gut' Äpfel, gut' Birn' und gut' Trauben!
Die Gärtner, die alles erlauben!
Willst Rehbock, willst Hasen,
Auf offener Straßen
Sie laufen herbei!
Sollt' ein Fasttag etwa kommen,
Alle Fische gleich mit Freuden
angeschwommen!
Dort läuft schon Sankt Peter
Mit Netz und mit Köder
Zum himmlischen Weiher hinein.
Sankt Martha die Köchin muß sein.

HIMNESKA LÍFIÐ

Við njótum hins himneska fagnaðar,
því forðumst við hið jarðneska,
enginn jarðneskur skarkali
heyrist á himnum!
Allt lifir í ljúfustu ró!
Við lifum englalífi!
Og erum þó ósköp kát!
Við dönsum og stökkvum,
og hoppum og syngjum!
Sankti Pétur á himnum horfir á!

Jóhannis hleypir út lambinu litla,
slátrarinn Heródes gætir þess!
Við leiðum þolinmótt,
saklaust og þolinmótt
ljúfasta lamb til dauða!
Heilagur Lúkas slátrar uxanum
án nokkurs hiks eða bakþanka,
vínið kostar ekki túskilding
í himneska vinkjallaranum,
litlu englarnir, þeir baka brauðið.

Góðar matjurtir af öllu tagi
vaxa í himneska garðinum!
Góður spergill, grænar baunir
og hvað sem hugurinn girnist!
Heilu skálarnar standa til reiðu!
Góð epli, góðar perur og góð vínber!
Garðyrkjumennirnir leyfa okkur allt!
Viljirðu ráðyrshafur, viljirðu héra,
þá hlaupa þeir um
á auðu stræti!
Og ef koma skyldi dagur til að fasta,
þá koma allir fiskar með ánægju syndandi!
Þarna er Sankti Pétur byrjaður að hlaupa
með net og með beitu
að himneskri fiskitjörn.
Heilög Marta verður að vera eldabuskan.

Kein' Musik ist ja nicht auf Erden,
Die uns'rer verglichen kann werden.
Elftausend Jungfrauen
Zu tanzen sich trauen!
Sankt Ursula selbst dazu lacht!
Kein Musik ist ja nicht auf Erden,
die unsrer verglichen kann werden.
Cäcilia mit ihren Verwandten
Sind treffliche Hofmusikanten!
Die englischen Stimmen
Ermuntern die Sinnen,
Daß alles für Freuden erwacht.

Úr „Des Knaben Wunderhorn“

Engin tónlist er til á jörðu
sem stenz samanburð við okkar.
Ellefu þúsund jómfrúr
hætta sér út í dansinn!
Heilög Úrsúla sjálf hlær við!
Engin tónlist er til á jörðu
sem stenz samanburð við okkar.
Sesselja og öll hennar ætt
eru fyrirtaks hirðmúsikantar!
Englaraddirnar
hressa við hugann,
svo að allt vaknar til gleðinnar.

Íslenzkar þýðingar gerði Reynir Axelsson

Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Sigrún Eðvaldsdóttir
Vera Panitch*
Una Sveinbjarnardóttir*
Emma Steele
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Pálína Árnadóttir
Pétur Björnsson
Margrét Kristjánsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Lin Wei
Hildigunnur Halldórsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Laufey Jensdóttir
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Gunnhildur Daðadóttir
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Kateryna Mysechko
Ólöf Þorvarðsdóttir*
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Hlín Erlendsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Hekla Finnsdóttir
Kristján Matthíasson
Joanna Bauer*

Víóla

Rita Porfiris
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Sarah Buckley
Svava Bernharðsdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Kathryn Harrison
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Łucja Koczoł*
Guðrún Hrunð Harðardóttir*

Selló

Steiney Sigurðardóttir
Bryndís Halla Gylfadóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Urh Mrak
Júlía Mogensen
Hjörtur Eggertsson
Ólöf Sigursveinsdóttir*

Bassi

T.C. Fitzgerald
Þórir Jóhannsson
Richard Korn
Jacek Karwan
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Hávarður Tryggvason*

Flauta

Thomas Hancox
Áshildur Haraldsdóttir
Björg Brjánsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

Klarínnett

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Ignas Mazvila
Hrafn Marínó Thorarensen
Francisco Soutinho Ventura

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Ibsen Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Harpa

Katie Buckley

Pákur

Soraya Nayyar

Slagverk

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason
Emil Þorri Emilsson

* spilar ekki í Hofi

Lára Sóley Jóhannsdóttir
framkvæmdastjóri
Valdís Þorkelsdóttir
viðburða- og skipulagsstjóri
Hrafnhildur Árnadóttir Hafstað
verkefnastjóri viðburða
Hjördís Ástráðsdóttir
fræðslustjóri
Dagrún Hálfánardóttir
mannauðsstjóri

Halla Oddný Magnúsdóttir
listrænn ráðgjafi
Jökull Torfason
verkefnastóri dagskrárgerðar
Margrét Ragnarsdóttir
markaðs- og kynningarstjóri
Kristín Björg Björnsdóttir
markaðsfulltrúi
Svanhvít Hrólfsdóttir
fjármálastjóri

Kristbjörg Clausen
nótnavörður
Cameron Anderton
umsjónarmaður nótna
Sigbór J. Guðmundsson
verkefnastjóri sviðs- og tækni mála
Björk Björgúlfsdóttir
sviðs- og tækni maður

NÝTT STARFSÁR 2023/24

Komandi starfsár Sinfóníuhljómsveitar Íslands er sérlega fjölbreytt og geymir marga spennandi tónleika. Dagskráin hefur nú verið kynnt og hefur veglegur ársbæklingur ratað inn um bréfalúgur áskrifenda og er að finna að í miðasölu Hörpu. Dagskráin er einnig aðgengileg á vefnum okkar sinfonia.is.

GULA RÖÐIN

Tónleikagestir Gulu tónleikaraðarinnar eiga von á litríkri og kraftmikilli tónlist úr ýmsum áttem á komandi starfsári. Strax í september leikur einn alfremsti flautuleikari samtímans, Emmanuel Pahud, þrjá ólíka konserta með hljómsveitinni og fyrrum aðalhljómsveitarstjóri SÍ Yan Pascal Tortelier endurnýjar kynnin við íslenska áheyrendur í október. Benjamin Grosvenor leikur píanókonsert Ferruccio Busoni en Denis Kozhukhin leikur fyrri píanókonsert Brahms undir stjórn Evu Ollikainen í mars. Í maí syngur Arnheiður Eiríksdóttir nokkrar dádustu söngperlur Edvarðs Grieg samhliða flutningi á sjöttu sífóníu Sibelíusar.

RAUÐA RÖÐIN

Í Rauðu röðinni hljóma mörg af helstu sífónísku stórvirkjum tónbókmenntanna en strax á upphafstónleikum starfsársins í september stjórnar Eva Ollikainen Eldfugli Stravínskíjs auk þess sem glænýtt verk Daníels Bjarnasonar fær að hljóma. Skömmu síðar flytur Kían Soltaní flytur Sellókonsert Elgars samhliða flutningi á verkum Önnu Þorvaldsdóttur og Richards Wagner. Í október snýr Kírill Gerstein aftur til Íslands með þriðja píanókonsert Rachmanínoffs í farteskinu. Páskátónleikar Sífóníunnar verða á sínum stað með d-moll píanókonsert Mozarts og 9. sífóníu Brúckners, og á lokatónleikum raðarinnar leikur Jóhan Dalene fiðlukonsert Korngólðs.

GRÆNA RÖÐIN

Græna tónleikaröðin er sem fyrr helguð skemmtilegustu meistara verkum sögunnar og verða tónleikarnir nú aftur í fullri lengd og ekki í beinni sjónvarpsútsendingu líkt og áður. Síðasti píanókonsertinn sem Mozart lauk við hljómar í flutningi hins töfrandi píanóleikara Eric Lu í október samhliða flutningi á áttundu sífóníu Dvořáks. Breski sönghópurinn the King's Singers syngur ómótstæðileg jólalög á aðventutónleikum og nýtt ár hefst á ómissandi Vínartónleikum, en meðal einleikara Grænu raðarinnar á vorönn eru fiðluleikarinn Vadím Glúzman og Arngunnur Árnadóttir, klarínettleikari.

FJÖLBREYTTIR TÓNLEIKAR UTAN RAÐA

Meðal spennandi tónleika utan áskriftarraða má nefna Klassíkina okkar það sem kvikmyndatónlist er í forgrunni og útgáfutónleika Sífóníunnar og Deutsche Grammophon á verkum Jóhanns Jóhannssonar í september. Sigríður Thorlacíus og Sígurður Guðmundsson syngja dægurlagaperlur með hljómsveitinni í ágúst. Í nóvember eru á dagskrá tónleikarnir Fílalag og Sífó og tónleikar með Ásgeiri Trausta í nóvember. Þá má nefna þrenna föstudagstónleika, eina helgaða tónlist Önnu Þorvaldsdóttur í Hallgrímskirkju, aðra í nóvember með tónlist Philips Glass og þá þriðju í janúar þar sem staðarlistamaðurinn Leila Josefowicz verður í nærmynd. Starfsárinu lýkur svo á Listahátíð í Reykjavík með frumflutningi á nýju verki Önnu Þorvaldsdóttur, METAXIS, í anddyri Hörpu og tónleikum þar sem þriðja sífónía Mahlers hljómar undir stjórn Evu Ollikainen.

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVÍKA

Eignastýring



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Áskrift að upplifun

2023 | 2024

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar litrík og spennandi. Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti með góðum afslætti.

Sala nýrra áskrifta- og Regnbogakorta er hafin í miðasölu Hörpu og á sinfonia.is.

